

81

18. ágúst

Vexti sjóðsins, sbr. 5. gr., má nota til þess að styrkja efnilega, námfúsa og siðsama unglunga til náms á svæði því, sem nefnt er í 3. gr., þó eigi fleiri en 2 úr sama hreppi samtímis, sbr. þó næstu gr.

6. gr.

7. gr.

Verði heimavistarskóli fyr eða síðar reistur í Landmannahreppi fyrir börn og unglunga, er heimilt að verja nokkru eða öllu af vöxtum sjóðsins, sbr. 5. gr., til styrktar þeirri stofnun eða til þess að gera nemendum vistina þar sem þægilegasta og ódýrasta. Á þann skóla er þó skylt að taka nemendur af svæði því, er um getur í 3. gr. svo sem rúm leyfir og ástæður mæla með. Innanhrepps nemendur skulu þó sitja fyrir öðrum, verði aðsókn svo mikil, að rúm vanti. Allir skulu nemendur undantekningarlaust njóta þeirra hlunninda, er skólinn getur veitt vegna sjóðs þessa.

8. gr.

Nánari reglur viðvikjandi sjóði þessum má setja, en þó ekki í bága við skipulagsskrá þessa.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af undirritaðri þar til kjörinni þriggja manna nefnd, sem óskar konungsstaðfestingar á henni.

Hvammi í Landmannahreppi, 3. febrúar 1932.

Eyjólfur Guðmundsson, Guðmundur Árnason, Ófeigur Vigfússon.

82

22. ágúst

AUGLÝSING

um

staðfesting dómsmálaráðuneytisins á reglugerð fyrir ljósmæðra- og hjúkrunar-
kvennaskóla Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 13, 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunar-
kvennaskóla Íslands, er hérmeð staðfest eftirfarandi reglugerð fyrir nefndan
skóla.

REGLUGERÐ82
22. ágúst

fyrir

Ljósmeðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

I. KAFLI.**Hlutverk skólans.****1. gr.**

Það er hlutverk skólans að ala upp hæfar ljósmeður og hjúkrunarkonur og mennta þær sem bezt til þess að vinna ljósmeðra- og hjúkrunarkvennastörf hér á landi.

Ljósmeðradeildina má nefna sérstaklega: Ljósmeðraskóla Íslands.

Hjúkrunarkvannadeildina má nefna sérstaklega: Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

II. KAFLI.**Stjórn skólans.****2. gr.**

Stjórnarnefnd Landspítalans annast stjórn skólans.

III. KAFLI.**Námstíminn.****3. gr.**

Námstíminn í ljósmeðradeildinni er eitt ár, hefst 1. október en endar 30. september.

Námstíminn í hjúkrunarkvannadeildinni er þrjú ár. Skólaárið hefst 1. júní en endar 31. maí.

IV. KAFLI.**Inntökuskilyrði.****4. gr.**

Nemendur skulu við inntöku í skólann vera ekki yngri en tvítugir og ekki eldri en þrítugir. Veita má þó lítilsháttar tilslakanir frá þessum aldursákvæðum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og ráðuneytið leyfir.

82

22. ágúst

5. gr.

Þær konur, sem sækja um inntöku í skólann, skulu vera heilar heilsu og gæddar því andlegu og líkamlegu atgerfi, að þær séu líklegar til námsins, svo og til ljósmæðra- eða hjúkrunarkvennastarfa. Auk almennar góðrar heilbrigði er áherzla lögð á góða greind, gott siðferði og reglusemi, hreinlæti, snyrtilegt útlit og rösklega og þrúða framkomu, góða sjón og heyrn, heilar og vel hirtar hendur og hörund, heilbrigða fætur, heilar eða viðgerðar tennur og góða munnhvirðingu.

Á Landspítalanum fer fram nákvæm rannsókn á heilbrigðisástandi umsækjendanna, áður en þeim er veitt inntaka í skólann.

6. gr.

Þær konur, sem lokið hafa héraðsskólaprófi, gagnfræðaprófi eða kvenna-skólaprófi með viðunandi vitnisburði, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum umsækjendum, sem jafnan mega vera við því búnir að sanna við sérstakt inntöku próf að þeir hafi kunnáttu í betra lagi í íslenzku, skrift og reikningi, miðað við kröfur fræðslulaganna.

7. gr.

Krafizt er eiginhandar umsókna um inntöku í skólann, og skal senda þær til skólastjórnarinnar, umsóknir um inntöku í ljósmæðradeildina ekki síðar en 15. júlí, en umsóknir um inntöku í hjúkrunarkvennadeildina ekki síðar en 1. marz. Umsóknunum skal fylgja aldursvottorð, heilbrigðisvottorð frá lækni og prófvottorð um skólanám, ef fyrir hendi er.

Umsækjendur um inntöku í ljósmæðradeildina, sem hafa skuldbundið sig til að gegna ljósmóðurumdæmi að námi loknu, skulu senda vottorð um það frá viðkomandi oddvita.

8. gr.

Heimilt er að krefjast allt að 6 vikna forskólanáms til undirbúnings hjúkrunarnáminu, áður en nemendunum er að fullu veitt inntaka í hjúkrunarkvennadeildina.

9. gr.

Fyrstu tveir mánuðirnir í Ljósmæðradeildinni og fyrstu sex mánuðirnir í hjúkrunarkvennadeildinni teljast reynslutími, og er heimilt að vísa nemendunum burtu innan þess tíma, ef þeir reynast óhæfir til námsins eða starfsins, sem því er samfara.

V. KAFLI.

82

22. ágúst

Tilhögun kennslunnar.

10. gr.

Kennslan í ljósmæðradeildinni er bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fer fram í Landspítalanum mánuðina október—júni og skal á þeim tíma farið yfir alla ljósmóðurfræðina með yfirheyrslum og fyrirlestrum a. m. k. 4 sinnum í viku, auk þess sem yfirljósmóðir fæðingardeildar Landspítalans leiðbeinir nemendunum við undirbúning undir kennslustundirnar. Verklega kennslan fer fram við dagleg störf á fæðingardeildinni og við ljósmóðurstörf í heimahúsum undir handleiðslu einnar eða fleiri starfandi ljósmæðra í Reykjavík, sem til þess eru ráðnar og ákveður ráðuneytið tölu þeirra. Yfirljósmóðir fæðingardeildarinnar hefir og verklegar æfingar með nemendunum að jafnaði einu sinni í viku. Síðari helming námstímans skulu nemendurnir látnir vinna sjálfstæð ljósmóðurstörf, eftir því sem verkefni fást til, og skal hver nemandi hafa tekið á móti að minnsta kosti 6 börnum við lok námstímans.

Nemendum ljósmæðradeildarinnar skal vandlega kennd bólusetning og bókfærsla sú, sem af yfirsetukonum er heimtuð samkvæmt yfirsetukvenna-reglugerð og bólusetningarreglugerð.

11. gr.

Kennsla í hjúkrunarkvennadeildinni er bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fer fram í Landspítalanum fyrsta og þriðja skólaárið, mánuðina október—maí. Á fyrsta ári skal farið yfir ágríp af líffærafræði, lífeðlisfræði og heilsufræði, en á þriðja ári yfir ágríp af lyflækninga- og handlækningafræði, bæði árin með yfirheyrslum og fyrirlestrum a. m. k. þrisvar í viku, auk þess sem yfirhjúkrunarkona Landspítalans leiðbeinir nemendunum við undirbúning undir kennslustundirnar og kennir þeim almenna hjúkrunarfræði.

Verklega kennslan fer fram í Landspítalanum við dagleg störf á hinum ýmsu deildum hans fyrsta og þriðja skólaárið, en annað árið sé nemendunum að jafnaði komið fyrir til verklegs náms á hinum öðrum rikisspítölum og stærri sjúkrahúsum landsins. Nú er ekki rúm fyrir alla nemendur fyrsta og þriðja árs á Landspítalanum, og má þá vista þá á öðrum sjúkrahúsum í Reykjavík og grendinni til verklegs náms þar, en með því skilyrði að þeir sækji kennslustundir á Landspítalan.

Nemendur skulu látnir ganga sem jafnast á milli hinna ýmsu deilda og sjúkrahúsa, þannig að þeir kynnist að nokkru hinum ýmsu hjúkrunargreinum, og á sérspítölunum (svo sem farsóttaspítala, geðveikraspítala, berklahælum, kynsjúkdómaspítala, holdsveikraspítala o. s. frv.) skal, ef unnt er, sjá þeim fyrir nokkurri fræðslu í viðkomandi sérgrein, skólanum að kostnaðarlausu. Hér að auki skal yfirhjúkrunarkona Landspítalans hafa verklegar hjúkrunaræfing-

82 ar með nemendum, að jafnaði einu sinni í viku. Meðal annars skal þeim veitt
22. ágúst nokkur verkleg tilsoðgn í hjúkrunarmatreiðslu.

Síðasta ár námstímans skulu nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar fylgja læknunum reglulega eftir við sjúkravitjanir þeirra á spítalanum, og einnig vandir við að vinna sjálfstæð hjúkrunarstörf.

VI. KAFLI.

Tilhögun prófa.

12. gr.

Próf ljósmæðradeildarinnar er í tvönnu lagi, bóklegt próf og verklegt próf, og fer hið bóklega próf fram í júnimánuði en hið verklega í lok náms- tímans.

Próf hjúkrunarkvennadeildarinnar er í þrennu lagi, tvö bókleg próf og eitt verklegt próf. Hið fyrra bóklega próf fer fram í maímánuði eftir eins árs nám og er þá prófað í þeim bóklegu fræðum, sem til þess tíma hafa verið num- in. Hið síðara bóklega próf og verklega prófið fara fram í lok námstímans.

13. gr.

Hin bóklegu próf eru munnlega eða skrifleg eða hvorttveggja, eftir því sem prófdómarar og kennarar koma sér saman um.

Hið verklega próf ljósmæðradeildarinnar skal vera fólgið í ljósmóður- rannsókn á konu, greinargerð um ástand hennar og meðferð, og sýni nemand- inn jafnframt nokkur ljósmóðurhandtök.

Hið verklega próf hjúkrunarkvennadeildarinnar skal vera fólgið í því, að nemandinn geri grein fyrir hjúkrunarmeðferð á ákveðnum sjúklingi og sýni jafnframt nokkur hjúkrunarhandtök.

Leitast skal við að haga prófunum þannig, að sem bezt yfirlit fáist yfir þekkingarstig nemendanna og starfsleikni þeirra.

14. gr.

Ráðherra skipar lækni og ljósmóður til að vera prófdómara við próf ljósmæðradeildarinnar og lækni og hjúkrunarkonu til að vera prófdómara við próf hjúkrunarkvennadeildarinnar.

Einkunnir skal ekki gefa við prófin en aðeins skera úr, hvort nemand- inn hafi staðizt þau eða eigi.

Skólinn gefur nemendum prófskirteini að námi loknu og skal geta þess á þeim, hvort viðkomandi er að áliti kennara og prófdómara **hæf, vel hæf** eða ágætlega hæf til að vera ljósmóðir eða hjúkrunarkona, og skal þar ekki ein- göngu miða við prófin, heldur engu síður við það, hvernig nemandinn hefir kynnt sig á námstímanum að skynsemd, reglusemi, samvirkusemi og ráðvendni til orða og verka, dugnaði, góðri hegðun og þróðu dagfari.

VII. KAFLI.

82

22. ágúst

Kjör nemendanna.

15. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar eru vistaðir á Landspítalanum og skulu hafa þar húsnæði, ljós, hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Fæði greiða þeir með kostnaðarverði. Þeir nemendur, sem hafa skuldbundið sig til að gegna ákveðnu ljósmóðurumdæmi ekki skemur en 3 ár samfleytt ganga fyrir öðrum um inntöku í skólann að öðru jöfnu, og eiga rétt á rikissjóðsstyrk, sem svarar fæðiskostnaði þeirra á meðan þeir eru við námið.

Sérstaklega efnilegum nemendum má þó eftir tillögum kennara og landlæknis veita samskonar styrk, þó að þeir séu ekki fyrirfram ráðnir í ljósmóðurumdæmi.

16. gr.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar skulu hafa ókeypis alla vist og vinnuföt á Landspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, sem þeir starfa á, en laun eftir því sem um semst.

17. gr.

Nemendur eru skyldir að vinna á Landspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, sem þeir eru vistaðir á, samkvæmt þessari reglugerð, og eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum stað. Jafnan skulu þeir eiga rétt á einum fridegi í viku. Nemendur skulu og eiga rétt á sumarleyfi, nemendur ljósmæðradeildarinnar einnar viku og nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar $\frac{1}{2}$ mánaðar tvö fyrstu árin, en þriggja vikna síðasta ár námstímans.

18. gr.

Heimilt er að krefjast þess, að nemendur séu meðlimir í löggiltu sjúkrasamlagi meðan þeir eru í skólanum, gegn því að sjúkrahús þau, sem þeir eru vistaðir í, greiði hálf iðgjöldin.

VIII. KAFLI.

Þóknun til kennaranna.

19. gr.

Yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans, sem er aðalkennari ljósmæðradeildarinnar, hefir að launum fyrir það allt að 1500 krónum á ári.

Yfirljósmóður fæðingardeildarinnar má greiða í þóknun fyrir kennsluna 300 krónur á ári.

Starfandi ljósmæðrum í bænum, sem til þess eru ráðnar að hafa nemend-

82 ur ljósmæðradeildarinnar með sér við ljósmæðrastörf í heimahúsum, má greiða
22. ágúst í þóknun fyrir það allt að 300 krónur á ári hverri um sig.

20. gr.

Kennslustörf yfirlækna Landspítalans við hjúkrunarkvennadeildina eru unnin kauplaust.

Yfirhjúkrunarkonu Landspítalans má greiða í þóknun fyrir kennsluna 300 krónur á ári.

21. gr.

Nú þarf tímakennara við skólann í einhverjum sérgreinum, og má þá greiða þeim tímakennara laun meðan fjárveiting til skólans hrekkur til. Ekki má ráða tímakennara án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er öllum þeim, er hlut eiga að máli, til vitundar gefið til eftirbreytni.

Í dómsmálaráðuneytinu, 22. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

83
24. ágúst

AUGLÝSING

um

sérstaka friðun rjúpna.

Ráðuneytið hefir í dag gefið út eftirfarandi auglýsingu:

Enn hefir rjúpum lítið fjölgað í landinu, og verður ekki komið hjá því að friða rjúpuna alveg einnig þetta árið. Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924, skipar því ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 5. október, skuli á yfirstandandi ári einnig vera friðaðar tímabilið frá 15. október til ársloka.

Þetta er birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 24. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.